

28. stjórnarfundur FUM

Félags um menntarannsóknir

haldinn í KHÍ

9. nóvember 2004 kl. 15:30

Mættir: Jóhanna Einarsdóttir formaður, Hafþór Guðjónsson gjaldkeri, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir og Börkur Hansen meðstjórnendur, Guðrún Geirsdóttir, ritari.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Lesin og samþykkt.

2. *Tímaritið*

Tekin hefur verið ákvörðun um útlit tímaritsins. Veggspjald með forsíðu og efnisyfirliti verður tilbúið og til sýningar á Námsstefnu FUM. Áætluð útgáfa tímaritsins er í desember og verða í tímaritinu birtar frekari upplýsingar til höfunda.

3. *Námsstefna 13. nóvember.*

Námsstefnan verður sett af Jóhönnu Einarsdóttur í stofu E-301 og var formanni falið að senda þátttakendum frekari upplýsingar um staðsetningu svo og að minna þá á að greiða fyrir námskeið. Námskeiðin verða haldin í stofum H-204 og H-205. Jóhönnu falið að ræða við umsjónarmenn kaffistofu.

4. *Félagsgjöld*

Talið var tímabært að senda út greiðsluseðla fyrir félagsgjöld strax eftir Námsstefnu.

5. *Ákveðið að halda næsta fund mánudaginn 6. desember kl. 15:30 í KHÍ.*

Fundarritari
Guðrún Geirsdóttir